

## Sveitarstjórn Djúpavogshrepps: Fundargerð 22. 05. 2008

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Djúpavogshrepps fimmtud. 22. maí 2008 kl. 17:00. Fundarstaður: Geysir.

Mættir voru: Þórdís Sigurðardóttir, Guðmundur Valur Gunnarsson, Andrés Skúlason, Albert Jensson og Brynjólfur Einarsson. Einnig sat fundinn Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri. Andrés stjórnaði fundi.

### Dagskrá:

#### **1. Fjárhagsleg málefni, stofnanir o. fl.:**

a) Ársreikningar Djúpavogshrepps 2007. Síðri umræða.

##### **Helstu niðurstöðutölur ársreikningsins eru:**

* Heildartekjur A-hluta .....	290.214.657
* Heildargjöld A-hluta, án fjármagnsliða .....	211.711.845
* Heildartekjur A- og B-hluta .....	358.697.597
* Heildargjöld A- og B-hluta, án fjárm.liða .....	260.613.947
* Hrein fjármagnsgjöld A-hluta .....	43.463.064
* Hrein fjármagnsgjöld A- og B-hluta .....	55.769.022
* Rekstrarniðurstaða A-hluta .....	35.039.748
* Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta .....	<b>42.314.628</b>
* Skuldir og skuldbindingar A-hluta .....	445.736.442
* Skuldir og skuldbindingar A- og B-hluta .....	522.332.308
* Eignir A-hluta .....	678.304.013
* Eignir A- og B-hluta .....	715.527.705

Við umfjöllun um niðurstöðuna kom fram að um er að ræða viðsnúning upp á tæpar 90 milljónir m/v 2006 og jákvæðan rekstur í fyrsta skipti í mörg ár. Sveitarstjórn telur ofangreinda niðurstöðu vel ásættanlega, en hún stafar m.a. af aðhaldi í rekstri, sem gripið var til í ársbyrjun 2007 og er enn að bera árangur. Auk þess hafa greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skilað sér á sanngjarnari hátt inn í sveitarsjóð en mörg undanfarin ár. Sveitarstjórnin áréttar að skuldastaða sveitarfélagsins er enn með þeim hætti að mikilvægt er að gæta aðhalds á næstu árum og að styrkja þarf tekjustofna þess, áður en menn komast fyrir vind í þessum efnunum. Þar sem liggur fyrir að sveitarfélagið þarf að fara í fjárfrekar framkvæmdir á næstu árum, sem ekki verður hjá vikizt og í ljósi "fjármálakreppu" í landinu, er enn meiri ástæða til að gæta aðhalds og halda áfram að leita leiða til að hagræða í rekstri án þess að til komi skerðing á þjónustu við íbúana.

Undir þessum lið vildi oddviti lýsa sérstakri ánægju með þann góða árangur sem náðst hefði í rekstri sveitarfélagsins á árinu 2007. Benti hann á að hinn jákvæði viðsnúningur væri langt frá því að vera sjálfsagður ef tekið væri tillit til þess rekstarumhverfis sem sveitarfélagið hefur búið við á undanförunum árum. Með samstilltu átaki sveitarstjórnar og forstöðumanna ýmissa stofnana hefði þetta tekizt. Nefndi hann einnig framlag sveitarstjóra að takast á við þau úrlausnarefni sem lágu á borði hans og ítrekaði mikla ánægju sína með árangurinn. Aðrir sveitarstjórnarmenn tóku í sama streng.

Fyrir fundinum lá greinargerð skoðunarmanna, Ásdísar Þórðardóttur og Ólafs Eggertssonar, dags. 16. maí 2008. Hún lögð fram til kynningar og mun sveitarstjórn taka til skoðunar efnisatriði nr. 2 og 3 í henni. Oddvita falið að fara yfir greinargerðina með skoðunarmönnum.

Að lokinni umfjöllun var ársreikningurinn staðfestur og áritaður af sveitarstjórn.

## 2. Fundargerðir / afgreiðslumál frá nefndum:

- a) Lagt fram minnisblað frá form. og varaform. SBU vegna fundar með Gunnari Garðarssyni frá Saga-Plast ehf. 15. maí 2008. Á þeim fundi sátu auk formanns umhverfisnefndar og fulltrúa frá SBU, fulltrúar frá grunn- og leikskóla vegna „grænánaverkefnis“, auk forstöðumanns áhaldahúss Djúpavogshrepps.

Formaður umhverfisnefndar gerði grein fyrir helztu málefnum sem fram koma í minnisblaði fundarins. Þar ber hæst jákvæða umræðu um leiðir að því hvernig best verði staðið að því endurskipuleggja sorphirðu í þéttbýlinu með það fyrir augum að fara í sorpflokkun og eftir atvikum moltugerð. Þar liggur m.a. fyrir að finna starfseminni húsnæði við hæfi.

Jafnhliða rætt hvernig verði bezt skuli staðið að skipulagi á sorpmóttökustöðinni svo sómi verði af. Umhverfisnefnd mun vinna málið áfram með fulltrúum frá Saga-Plast og heimamönnum, en innan umhverfisnefndar er fullur vilji til þess að taka þennan málaflokk allan til gagngerar endurskoðunar, ekki síst vegna þess að menn vilja vinna með þá vistvænu og vinalegu ímynd sem Djúpavogshreppur hefur gert að slagorði sínu. Þá er nú unnið að því í samstarfi við Saga-Plast að undirbúa söfnun á heyrúlluplasti sem til fellur v/ landbúnaðar. Sveitarstjóra falið að fylgja eftir fyrri könnunum á fyrirliggjandi magni á heyrúlluplasti og vinna framkvæmd málsins.

Sveitarstjóra og formanni umhverfisnefndar veitt heimild til að staðfesta fjárhagslega þátttöku sveitarfélagsins í aðgerðum þeim sem miða að áðurnefndum þáttum í samræmi við fyrirliggjandi gögn m.a. í ljósi þess að framtakið mun spara sveitarfélaginu umtalsverða fjármuni til lengri tíma undir liðnum sorpmál / hreinlætismál.

## 3. Erindi og bréf:

- a) Með bréfi dags. 20. maí 2008 falast Sigurður Guðjónsson og Ragnhildur Garðarsdóttir eftir að fá að kaupa lóð (u.þ.b. 1,5 ha) utan um íbúðarhúsið Ask, sem afmarkast að hluta af vegi að skógrækt og girðingum vegna núverandi skógræktarsvæða fyrir fjárhæð, sem kemur fram í erindinu. Ákveðið var að fresta afgreiðslu.

## 4. Samþykktir um hunda- og kattahald í Djúpavogshreppi.

Fyrirliggjandi drög rædd. Þau verða lögð fram til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar.

## 5. Kosningar:

Fulltrúi Djúpavogshrepps á aðalfund Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands 29. maí 2008:

Aðalmaður var kjörinn Andrés Skúlason. Varamaður var kjörinn Þórir Stefánsson.

## 6. Skýrsla sveitarstjóra:

- a) Sveitarstjóri taldi rétt að áréttu að hann styddi nýlegar ákvarðanir um fyrirkomulag refa- og minkaveiða í Djúpavogshreppi og að sveitarfélagið stæði að slíkum lausnum. Hins vegar hefði í engu orðið breytingar á skoðunum hans þess efnis, að ríkisvaldið kæmi og hefði komið smánarlega að framkvæmd þessa málaflokks. Sveitarstjórn tekur undir álit sveitarstjóra í þessum efnum.
- b) Undir þessum lið var kynnt tilboð frá 3 söluaðilum fartölva og samantekt tæknistjóra um fyrirliggjandi valkosti í framhaldi af umræðum á vettvangi sveitarstjórnar að sveitarfélagið leggi öllum aðalmönnum í sveitarstjórn til slík tæki, enda fer ýmis upplýsingagjöf og samskipti fram á rafrænan hátt í auknum mæli. Ákveðið var að ganga til samninga við Nýherja á grundvelli tilboðs þeirra og sveitarstjóra veitt heimild til að afgreiða málið í samráði við tæknistjóra. Færst á liðinn „sameiginlegur kostnaður“.
- c) Ákveðið var að halda „borgarafund“ miðvikudaginn 11. júní kl. 20:00 á Hótel Framtíð. Sérstök dagskrá verður send út vegna fundarins.
- d) Gerð grein fyrir stöðu mála v/ sölu á tækjabúnaði fiskimjölsverksmiðjunnar, sem sveitarfélagið á 35 % hlut í. Einnig var fjallað um hugsanlega ráðstöfun / nýtingu húsnæðis verksmiðjunnar.
- e) Fjallað um nýtt svæði til að afmarka á aðalskipulagi fyrir jarðvegsúrgang og frágang á núverandi svæði. Form. SBU veitt heimild til að vinna að framgangi málsins.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 18:50.

Fundargerðin, sem færð var í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.